



Hafnarfirði 13. janúar 2015

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Efni: Flatahraun 14

Ágæta Bæjarráð



Flijótlega eftir að skólinn flutti í húsnæðið að Flatahrauni 12 kom í ljós að plássþörf verknámsins var verulega meiri en gert var ráð fyrir í nýju húsi. Þegar áhaldahús Hafnarfjarðar flutti aðstöðu sína í nýtt húsnæði var gerður samningur um að Iðnskólinn fengi aðstöðuna. Síðan stóð til að þegar Björgunarsveit Hafnarfjarðar flytti í nýtt húsnæði fengi skólinn allt húsnæðið að Flatahrauni 14 eða myndi nýta lóðina fyrir bílastæði og viðbygging yrði inn á núverandi bílastæði skólans.

Aðstaðan í áhaldahúsinu hefur verið notuð til kennslu í listnámi, byggingagreinum og aflvélavirkjun. Hluti húsnæðisins sem listnámið var í, var dæmt ónothæft haustið 2012 og fluttist sá hluti kennslunnar í leiguhúsnæði að Flatahrauni 3.

Iðnskólinn í Hafnarfirði fer nú á leit við bæjarráð um að ganga til samninga um full afnot af húnæðinu að Flatahrauni 14 til næstu tíu ára. Leigusamingur Iðnskólans fyrir afnot af Flatahrauni 12 var gerður til 25 ára og eru nú tíu ár eftir af honum.

Er meðlimum bæjarráðs boðið í heimsókn í Iðnskólann til að kynna sér starfsemina og nauðsyn þess að skólinn hafi góða aðstöðu til verklegrar kennslu.

Virðingarfyllt



Þór Pálsson
Skólameistari